

# Sáttmáli gegn einelti, áreitni og ofbeldi

**Góð vinnustaðamening skiptir sköpum fyrir vellíðan starfsfólks. Á vinnustaðnum eigum við góð samskipti og virðum eftirfarandi sáttmála.**

- ◆ Við þekkjum stefnu og viðbragðsáætlun fyrirtækisins gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi og erum meðvituð um skyldur okkar.
- ◆ Við sýnum kurteisi og virðingu í öllum samskiptum.
- ◆ Við líðum ekki einelti, áreitni eða ofbeldi. Við beitum ekki slíkri háttsemi og vitum að meðvirkni getur skaðað starfsfólk og vinnu stað okkar.
- ◆ Við tökum tillit til ábendinga um að við getum bætt fram komu okkar.
- ◆ Við berum sameiginlega ábyrgð á vinnu-umhverfinu og leggjum okkar af mörkum til að bæta það enn frekar.
- ◆ Við erum ólík, með mismunandi bakgrunn og lífsskoðanir, en sýnum hvert öðru virðingu í öllum samskiptum.
- ◆ Við skiljum að upplifun af samskiptum er mismunandi og gerum ekki lítið úr viðbrögðum og tilfinningum annarra.
- ◆ Við ræðum um framkomu sem okkur mislíkar, tökum upp varnir fyrir þá sem brotið er gegn og styðjum starfsfólk í að breyta hegðun sinni.